

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdæminu).<sup>1</sup>

Samkvæmt áætluninni um tekjur og gjöld landsins frá 6. nóvember 1874 3. grein, ber á þessu ári að greiða til endurgjalds alþingiskostnaði 14,000 krónur, og ber að jafna á lausafjórðungi, eins og þau teljast fram til tíundar, einum fjórða parti aftjæðri upphæð, eða 3,500 krónum, en af þeim falla samkvæmt skýrslum þeim, sem landshöfðingjanum hafa borizt, um tölu lausafjórðunganna á síðastliðnu hausti, þessar upphæðir á hvert amt.

1,092 kr. 52 aur. á suðuramtið,	lausafjórðungi 18,610
653 - 93 - - vesturamtið	11,139
1,753 - 55 - - norður- og austur-amtið	29,870 <sup>2</sup>

og býst jeg við, að þjer herra amtmaður greiðið í landssjóð úr jafnaðarsjóðum þeim, sem eru undir stjórn yðar, þær samtals 1746,45 krónur, sem falla á suður- og vestur-amtið.

*Brjef landshöfðingja* (til póstmeistarans).

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit herra póstmeistarans um beiðni, sem hingað hefur komið frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu um, að Höfðastrandarpósturinn, sem nú fer frá Viðmýri, verði látinn leggja leið sína vestan Hjeradsvatna, um Glaumbæ á Lángholti og svo yfir um Hegranesið og Viðvíkur sveitina, — skal leið þessi fyrir nefndan aukapóst hjermeð samþykkt, og eruð þjer herra póstmeistari beiðinn að ráðstafa því, sem nauðsyulegt er í þessu tilliti með norðurlandspósti þeim, sem fer hjerðan í þessum mánuði.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að hafa meðtekið skýrslur herra amtmannsins frá 19. og 20. þ. m. um heilbrigðisástand sauðfjárins í Árnes- Gullbringu- Kjósar og Borgarfjarðarsýslum og um ráðstafanir þær, sem amtið hefur gjört og ætlar að gjöra til þess að eyða fjárkláða þeim, sem á síðast liðnum vetri hefur orðið vart við á ýmsum bæjum í hinum nefndu sýslum fyrir vestan Brúará, Hvítá og Ölfusá í Árnessýslu og fyrir sunnan Hvítá í Borgarfirði, skal jeg með þessu brjefi þjónustusamlega hafa yður umbeiðinn að láta, jafnframt því og þær hálfmánaðar skoðanir, er þjer getið um, eru látnar halda sjer, almennar skoðanir fara fram innan útgöngu næstkomandi aprilmánaðar á öllu fjenu í hreppum þeim, þar sem borið hefur á kláðanum í vetur, og leggja fyrir sýslumenn að sjá um, að skýrslur um skoðanir þessar verði sendar amtinu svo tímanlega, að nákvæm og áreiðanleg skýrsla um heilbrigðisástand sauðfjárins í öllum hreppum þeim, sem eru á hinu nefnda svæði, geti verið komin hingað innan 6. maí næstkomandi.

Eptir því, sem þjer skýrið frá, virðist fjárkláðinn hingað til að hafa komið fram á

1) Sama dag var skrifað amtmanninum yfir norður- og austur-umdæminu á sömu leið, og hann beiðinn að greiða 1753,55 krónur úr jafnaðarsjóði þeim, er hann veitir forstöðu.

2) Lausafjórðungi þeirra mauna, sem ekki telja fram til tíundar meira en 1 hundrad, er sleppt.

Hin gjaldskyldu hundruð töldust þannig í hinum einstöku lögsagnarumdæmum.

Skaptafellssýslu	4,654	Mýrasýslu	2,088	Húnavatnssýslu	5,994
Rangárvallasýslu	4,739	Suðfellsnes- og Hnappadalssýslu	1,784	Skagafjarðarsýslu	4,852 <sup>1/2</sup>
Vestmannaeyjasýslu	160	Dalassýslu	2,122	Eyjafjarðarsýslu	4,421
Árnesýslu	5,355	Barðastrandarsýslu	1,770	Þingeyjarsýslu	4,491 <sup>1/2</sup>
Gullbringu- og Kjósar-sýslu	1,754	Strandasýslu	1,226	Norðurmúlasýslu	5,468
Borgarfjarðarsýslu	1,948	Ísafjarðarsýslu og kaupstað	2,149	Suðurmúlasýslu	4,643

1875

19

20sta  
marts.

20

20sta  
marts.

21

22an  
marts.

1875

21  
22an  
marts.

vægu stigi og lækningatilraunirnar hvervetna haft góðan árangur, en jeg treysti því fullkomlega, að þjer herra amtmaður og hlutaðeigandi sýslumenn heitið öllum þeim ráðum, sem lögin heimila til að uppræta kláðann fullkomlega, áður enn fjenu í vor er sleppt undan vetrarhirdingunni, og að sjeð verði um, að sje það, sem þá enn skyldi vera grunað, verði ekki látið fara á aftrjett, en að því verði haldið heima og stranglega aðskilið frá heilbrigðu fje-

22  
23ðja  
marz

*Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).*

Með brjefi stiptyfirvaldanna frá 15. þ. m. meðtók jeg bóнарbrjef setts kennara við hinn lærða skóla í Reykjavik, Benidiktis Gröndals, um 400 króna styrk úr landssjóði til þess að semja kennslubók í landafræði lagaða eptir hinni dönsku kennslubók Erslevs, sem nú er notuð í skólanum.

Í álitu sínu um málið hefur forstjóri hins lærða skóla tekið fram, að það sje skólalíttum, einkum í hinum neðstu bekkjum, til mikillar fyrirstöðu, að þurfa að nota kennslubækur á útlendu máli og vinna þannig 2 verk í einu, skilja bókina og nema efnið, og eruð þjer skólastjóranum samdóma í því, en álituð það tryggilegast, að beiðandanum, sem áður hefur verið veittur 300 rd. styrkur úr rikissjóði<sup>1</sup> til að semja landafræði, og þá samdi brot af landafræði norðurálfunnar, sem var álituð óhentugt og of langort til að verða notað við skólakennslu — yrði bejnlínis falið á hendur að útleggja á íslenzku haggfellda kennslubók í landafræði, og álituð þjer kennslubók þá eptir Erslev, sem getið var og nú er almennt við höfð í dönskum skólum, til þess kjörna.

Fyrir því skal yður tjáð til athugunar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg er ekki frásnúinn því að veita beiðandanum, þegar hann hefur samið þýðingu á hinni nefndu kennslubók, er þjer og forstjóri skólans látið yður lynda, og hún er prentuð á kostnað stiptysprentsmiðjunnar, 20 króna ritlaun fyrir hverja örk prentaða þó ekki fram yfir 400 krónur alls.

**Embættismenn skipaðir.**

Hinn 9. dag martsmánaðar veittu stiptyfyrvöldin, prestinum síra Helga Sigurðssyni á Setbergi, Mela- og Leirár-prestakalli í Borgarfjarðar prófatsdómi.

S. d. var Torfastaða prestakalli í Árnessprófatsdómi, veittu prestu Stadarhraunssafnaðar, síra Jakobi Þjörnssyni. Í sambandi við hina venjulegu ákvörðun um, að presturinn verði að fella sig við hverja þá breytingu, sem gjörð kunnu að verða við prestakallið, er í veitingarbrjefinu fyrir hinu sðarnefnda kalli tekið fram, að Skálholtssókn kunnu að verða lögð til Ólafsvalla prestakalls, en Úthlíðarsókn aptur til Torfastaða kalls.

23. d. s. m. skipaði biskupinn prestinn að Sauðanesi síra Vigfús Sigurðsson til að vera prófast í Norður-Þingeyjar prófatsdómi.

**Óveitt embætti:**

Setbergs prestakalli í Snæfellsnesprófatsdómi, metið 987,<sup>31</sup> krónu, auglýst 10. marts.

Nesþing í Snæfellsnesprófatsdómi metið 798,<sup>35</sup> krónu, auglýst 22. marts. Í ráði er að útvega brauði þessu talsverða tekjubót.

1) Samanber brjef kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. ágúst 1868 í Tíðindam um stjórnarmálefni, II bls. 555 - 556.